

**Mál nr. 6**  
**Neisti**  
**gegn**  
**Leikni F.**

**Kæra Neista**

**Dómkröfur**

Þess er krafist að viðurkennt verði að Leiknir F. hafi verið með ólöglegan leikmann, í leik við Umf. Neista, í Íslandsmóti, 3. deild karla, D riðli, fimmtudaginn 29. maí, 2006, kl. 20.00, á Djúpavogsvelli og leikurinn verði dæmdur sem sigurleikur Neista, 3-0.

**Málavextir**

Kl. 20:00, fimmtudaginn 29. maí sl. fór fram leikur í Íslandsmóti 3. deildar karla, D riðli, milli Umf. Neista og Leiknis F., á Djúpavogsvelli. Kæran er byggð á því að í fyrrgreindum lok kom inn á varamaður að nafni Reynir Svavar Eiríksson, kt. 210983-3849, sem var ekki skráður á leikskýrslu. Dómari leiksins virðist ekki hafa skráð þá skiptingu hjá sér, a.m.k. kemur það ekki fram á leikskýrslunni. Leikmenn Umf. Neista tóku eftir þessu misræmi eftir leikinn, þ.e. þeir þekktu viðkomandi leikmann en sáu nafn hans hvergi á skýrslunni.

**Lagareglur**

**Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, 2. mgr. segir að:**

Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með nöfnum þeirra leikmanna, sem hefja eiga leik, **auk varamanna**, sem mega ekki vera fleiri en 5. Númer hvers og eins skal tilgreint á leikskýrslunni í samræmi við númer á keppnisbúningi.

**Í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, grein 4.3. segir að:**

Lið, sem mætir **ólöglega skipað til leiks** og félag sem notar leikmann, þjálfara, eða forystumann í leikbanni, telst hafa tapað leiknum með markatölunni 0-3 nema tap hafi verið stærra, þá skal sú markatala ráða.

**Röksemdir**

Rök kæranda eru einfaldlega þau að Leiknir F. hafi í þessu tilfelli notað leikmann, í fyrrnefndum leik, sem hvergi kemur fram á skýrslu. Af þeim sökum hljóti leikmaðurinn að teljast ólöglegur. Því skuli leikurinn teljast þeim tapaður, með vísan til ofanefndra reglugerðarákvæða.

**Gögn**

Kærandi leggur fram afrit af leikskýrslu úr leik Leiknis F og Neista frá 29. maí sl., og auk þess útprentun úr gagnasafni KSÍ þar sem nafn Reynis Svavars kemur hvergi fram þó hann hafi komið inn á í leiknum.

**Vitni**

Kærandi telur ekki þörf á því að leiða vitni í málinu, nema ef málatilbúnaður kærða gefur tilefni til þess.

Virðingarfyllst.  
F.h. Umf. Neista,  
Anton Stefánsson, framkvæmdastjóri

**Greinargerð Leiknis F.**

Vegna framkominnar kæru vina okkar og nágretta í Neista, Djúpavogi leggur Umf Leiknir fram eftirfarandi greinargerð.

Útaf fyrir sig er allt rétt sem fram kemur í atvikalýsingu stefnanda. Liðsstjóra Leiknis, Steini Jónassyni, yfirsást að skrifa nafn Reynis Svavars Eiríkssonar, kt 210983-3849, á leikskýrslu í leik Neista og Leiknis á Djúpavogi, 29 maí sl.

Með því að ræða við dómara leiksins, Miralem Hasetta komst undirritaður að því að dómariinn bar saman leikskýrslu og fjölda á varamannabekk Leiknis fyrir leik en yfirsást þó að þar var leikmaður sem ekki var á skýrslu.

Því er hins vegar algjörlega hafnað að lið Leiknis teljist ólöglega skipað þrátt fyrir það, enda Reynir Svavar Eiríksson skráður leikmaður Umf Leiknis. Stefndi vísar máli sínu til stuðnings á dóm Dómstóls KSÍ frá 28. október 1992, í máli Íþróttafélagsins Þróttar gegn Íþróttafélaginu Völsungi, þar sem tekin var fyrir áfrýjun á dómi Héraðsdóms HSP í máli sem var að málavöxtum nánast eins og það mál er hér liggur fyrir. Að vísu veitti dómari í leik þessara félaga því athygli þegar Þróttur skipti inn á varamanni að viðkomandi leikmaður var ekki skráður á skýrslu. Dómariinn gaf leikmanninum áminningu, gult spjald fyrir vikið, en heimilaði honum síðan þátttöku í leiknum. Úrskurðarorð dómstólsins voru þessi:

„Að öllum atvikum málsins er ljóst, að mistök hjá liðsstjórn liðs sóknaraðila ollu því að nafn varamannsins Sófusar Hákonarsonar, í treyju nr. 16, var ekki skráð á leikskýrslu. Á skýrsluna voru aðeins skráð 14 nöfn en ekki 16, eins og heimilt er. Verður ekki talið að lið áfrýjanda hafi verið ólöglega skipað í skilningi 2. mgr. 18. gr. Reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, þó að þessi mistök hafi verið gerð við útfyllingu leikskýrslunnar. Samkvæmt þessu ber að fallast á kröfur áfrýjanda.“

Engu er við þetta að bæta nema því að Reynir Svavar Eiríksson var nr. 16 í leiknum og kom inn á, á 84 mín, en ekki leikmaður númer 14. Þess má að lokum geta að nöfn leikmanna á leikskýrslunni eru 14 eins og á hinni 14 ára gömlu skýrslu sem fjallað var um í fyrrnefndu máli.

Krafa stefnda eru að úrslit leiksins standi óhögguð. Einnig að við ákvörðun sektarfjárhæðar verði tekið tillit smæðar mistakanna og félagsins sem í hlut á.

Einnig óskar stefndi eftir því að leikskýrslan verði lagfærð í gagnagrunni KSÍ.

fh knattspyrnudeildar Umf Leiknis  
Magnús Ásgrímsson

### Úrskurður dómstóls KSÍ

Ár 2006, mánudaginn 12. júní er dómþing Knattspyrnudómstóls KSÍ háð af Halldóri Halldórssyni.

Fyrir er tekið:

Mál nr. 6/2006

Ungmennafélagið Neisti

gegn

Leikni Fáskrúðsfirði

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

### DÓMUR

I

Mál þetta er móttækið af skrifstofu KSÍ 6. þessa mánaðar. Kærandi er Knattspyrnudeild Ungmennafélagsins Neista, Vörðu 4, Djúpavogi. Kærði er Leiknir, Skólavegi 107, Fáskrúðsfirði.

Málinu var úthlutað undirrituðum dómara í dómstól KSÍ þann 8. þessa mánaðar. Kærða var gefinn frestur til að skila greinargerð í málinu og það hefur hann gert.

Dómkröfur kæranda.

Kærandi krefst þess að úrslit í leik aðila málsins í meistaraflokki karla 3. deild D riðli sem fram fór 29. maí sl. verði breytt þannig að kærandi hafi unnið leikinn 3-0.

Kærði krefst þess að úrslit ofangreinds leiks verði látin standa óbreytt.

II

**Atvik máls, málsástæður og lagarök**

Hinn 29. maí sl. léku aðilar málsins leik í Íslandsmóti, 3. deild D riðli og fór leikurinn fram á Djúpvaggi. Leikurinn endaði með sigri kærða 1-0.

Ekki er um það deilt að undir lok leiksins kom leikmaður að nafni Reyni Svavar Eiríksson inná í liði kærða. Nafn hans hafði ekki verið ritað á leikskýrslu áður en leikurinn hófst. Ekki verður séð að dómari leiksins hafi gert athugasemdir við þessa skiptingu kærða en hennar er ekki getið í leikskýrslu.

Kærandi byggir kröfu sína á því að í 2. mgr. reglugerðar um knattspyrnumót (á væntanlega að vera 2. liður greinar 2.3) sé kveðið á um að áður en leikur hefjist skuli forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með nöfnum þeirra leikmanna, sem hefna eiga leik, auk varamenna sem ekki mega vera fleiri en 5. Númer leikmanna skuli tilgreint á leikskýrslu í samræmi við númer á keppnisbúningi. Telur kærandi að kærði hafi notað ólöglegan leikmann þar sem nafn Reynis Svavars hafi ekki komið fram á leikskýrslu. Af þessum sökum beri að dæma kæranda sigur í leiknum 3-0.

Kærði heldur því fram að liðstjóra liðsins hafi yfirsétt að skrifa nafn Reynis Svavars á leikskýrsluna fyrir umræddan leik. Kæri hafnar því alfarið að lið hans hafi verið ólöglega skipað í leiknum og heldur því fram að títtnefndur Reynir Svavar sé skráður leikmaður kærða. Kærði vísar í mál sem dæmt var af Dómstól KSÍ 28. október 1992. Heldur hann því fram að málsatvik þess dómsmáls hafi verið nánast alveg sambærileg við atvik þessa máls. Í því máli hafi leikmaður sem ekki var á leikskýrslu sem varamaður komið inná í leiknum. Eini munurinn sé sá að í því máli hafi dómari leiksins veitt því athygli að leikmaðurinn var ekki á leikskýrslu og gefið honum áminningu af þeim sökum en heimilaði honum síðan að taka þátt í leiknum. Hins vega hafi hátta svo til að nafn leikmannsins var ekki á leikskýrslu og að lið hans hafi eingöngu verið með þrjá skráða varamenn líkt og kærði í þeim leik sem hér um ræðir.



### Niðurstaða

Kærði hefur réttilega bent á fordæmi úr leik sem fram fór á árinu 1992. Í því máli voru málsatvik sambærileg. Þannig hafði lið notað varamann sem ekki var skráður á leikskýrslu. Það lið hafði eingöngu ritað nafn þriggja varamanna á leikskýrsluna rétt eins og kærði gerði í umrætt sinn. Í niðurstöðu dóms Dómstóls KSÍ frá árinu 1992 segir svo „Að öllum atvikum málsins er ljóst að mistök hjá liðstjórn liðs sóknaraðila ollu því að nafn varamannsins Sófusar Hákonarsonar í treyju nr. 16 var ekki skráð á leikskýrslu. Á skýrsluna voru aðeins skráð 14 nöfn en ekki 16, eins og heimilt er. Verður ekki talið að lið áfrýjanda hafi verið ólöglega skipað í skilningi 1. mgr. 1. mgr. 18. gr. Reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót, þó þessi mistök hafi verið gerð við útfyllingu leikskýrslunnar. Samkvæmt þessu ber að fallast á kröfur áfrýjanda.“

Áður er þess getið að atvik málsins frá 1992 og þess máls sem hér er til úrlausnar eru sambærileg. Engar efnislegar breytingar hafa orðið á reglum um gerð leikskýrslu fyrir leik og afhendingu hennar á þeim tíma sem liðinn er. Dómurinn telur því engar forsendur til þess að breyta þessu skýra fordæmi sem að framan er rakið. Kröfu kæranda er því hafnað.

Halldór Halldórsson kveður upp dóm þennan.

### DÓMSORÐ

Kröfu kæranda, knattspyrnudeildar Neista, er hafnað.

Halldór Halldórsson

### Áfrýjun Neista

Eins og fram kemur í kærunni var leikmanni Leiknis, Reyni Svavari Eiríkssyni kt: 210983-3849 skipt inná í umræddum leik á 84. mín. Nafn þessa leikmanns var ekki skráð á leikskýrsluna og er það viðurkennt af kærða eins og fram kemur í greinargerð hans. Krafa áfrýjanda, Umf. Neista, byggir á því að leikmaðurinn hafi ekki verið skráður á leikskýrslur. Engu máli skiptir hvort um er að kenna gleymsku, kæruleysi eða ásetningi, enda als ómögulegt að sanna slíkt, eða afsanna. Málið snýst um það hvort hægt sé að skipta leikmanni inná sem ekki er skráður á leikskýrslu, eða ekki. Í knattspyrnulögunum er það tekið skýrt fram á leikskýrslu. Ef hægt er að skipta leikmanni inná sem ekki er skráður á leikskýrslu, eins og í þessu dæmi, finnt okkur vera búið að gefa mjög vafasamt fordæmi. Þá gætu allir sagt eftir á að það hafi bara gleymst að skrá viðkomandi leikmann á leikskýrslu og eins virðis ekki neinn eðlismunur á hvort um varamenn eða leikmann úr byrjunarliði er að ræða og

Þá erum við komnir í þá stöðu að leikskýrsa er í raun alger óþarfi. Þetta telur áfrýjandi UMF. Neisti, að sé ekki rétt og því verði að snúa við dómi Knattspyrnudómstóls KSÍ, og fæma áfrýjanda í hag. Hinn áfrýjaði dómur er alveg órökstuddur, að öðru leiti en því að hann virðist byggjast á fordæmi undirréttar frá árinu 1992, sem dómrúinn virðist ekki telja ástæðu til að hrófla við. Telur áfrýjandi að kominn sé tími til að skapa hér ótvírætt fordæmi áfrýjunardómstóls KSÍ, sem ekki verði efast um og dæma umræddan leikmann Leiknis ólöglegan.

Að síðustu eru kröfur þær sem Umf. Neisti setti fram við Knattspyrnudómstól KSÍ, ítrekaðar og málsástæður og lagarök sem þar eru settar fram eru einnig ítrekaðar. Vísað er til þeirra gagna sem lögð voru fram í undirrétti að fylgja hjálaga.

Virðingarfyllt  
f.h. Umf. Neista  
Albert Jensen, formaður  
og  
Anton Stefánsson, framkv.stj.

### Úrskurður áfrýjunardómstóls KSÍ

Ár 2006, miðvikudaginn 19. júlí kl. 8:30 er dómping áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands háð á skrifstofu Sigurðar G. Guðjónssonar Suðurlandsbraut 4, Reykjavík, af Sigurði G. Guðjónssyni, Herði Felix Harðarsyni og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir er tekið:  
Mál nr. 3/2006:  
Ungmennfélagið Neisti  
gegn  
Leikni Fáskrúðsfirði.

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

### dómur.

#### I.

Mál þetta dæma Sigurður G. Guðjónsson, Hörður Felix Harðarson og Vilhjálmur H. Vilhjálmsson. Hinn áfrýjaða dóm kvað upp Halldór Halldórsson dómari dómstóls Knattspyrnusambands Íslands þann 12. júní 2006.

Áfrýjandi áfrýjaði máli þessu þann 16. júní 2006 og gerir þessar kröfur:

Að viðurkennt verði að Leiknir Fáskrúðsfirði hafi verið með ólöglegan leikmann, í leik við Umf. Neista, í Íslandsmóti, 3. deildar karla, D riðli, fimmtudaginn 29. maí 2006 kl. 20:00 á Djúpavogsvelli og leikurinn verði dæmdur sem sigurleikur Neista 3-0.

Við þingfestingu málsins þann 30. júní óskaði Kristinn Bjarnason hrl. eftir fresti til að skila greinargerð af hálfu stefnda til 7. júlí. Var sá frestur framlengdur til þriðjudagsins 11. júlí að beiðni Kristins vegna fjarveru hans.

Krafa stefnda samkvæmt framlagðri greinargerð hans er sú að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur.

#### II.

Óumdeilt er í máli þessu að í leik áfrýjanda og stefnda í D-riðli 3. deildar karla, sem fram fór á Djúpavogsvelli þann 29. maí síðast liðinn, kom inn á sem varamaður í liði stefnda, Reynir Svavar Eiríksson, en nafn hans er ekki að finna meðal þeirra fjórtán leikmanna, sem stefndi tilgreindi á leikskýrslu fyrir leikinn. Stefndi vann leikinn 1-0.

#### III.

Áfrýjandi krefst þess að viðurkennt verði með dómi að stefndi hafi verið með ólöglegan leikmann og að sér verði af þeim sökum dæmdur sigur í leiknum 3-0. Byggir áfrýjandi kröfu þessa á 2. tl. gr. 2.3 og 1. tl. gr. 4.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Stefndi krefst staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi.

#### IV.

Ákvæði 2. tl. gr. 2.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót geymir fyrirmæli um hvernig leikskýrsla skuli fyllt út, hve margir varamenn megi vera í liði og á hvers ábyrgð það er að koma henni í hendur dómara fyrir leik. Samkvæmt þessu ákvæði mega varamenn ekki vera fleiri en fimm.

Í 1. tl. gr. 4.3 er fjallað um ólöglega skipuð lið og afleiðingar þess að mæta með slík lið til leiks. Í 3. tl. gr. 4.3 er kveðið á um afleiðingar þess séu leikskýrslur vísitandi ranglega útfylltar, t.d. með því að falska nafn eða kennitölu þáttakenda.

Óumdeilt er með aðilum máls þessa, að Reynir Svavar var þegar leikurinn fór fram hlutgengur í skilningi gr. 1.2 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót til að leika með liði stefnda og sætti ekki heldur leikbanni. Af öllum atvikum málsins er ljóst, að mistök liðstjóra liðs stefnda urðu til þess að nafn Reynis Svavars var ekki skráð á leikskýrslu fyrir leikinn á Djúpavogsvelli þann 29. maí sl. Geymdi leikskýrslan því aðeins 14 nöfn leikmanna stefnda en ekki 16, eins og þó var heimild til. Þó þessi mistök hafi verið gerð við útfyllingu leikskýrslunnar verður ekki á það fallist með áfrýjanda að lið stefnda hafi verið ólöglega skipað í skilningi 1. tl. gr. 4.3 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Kröfu áfrýjanda er því hafnað og hinn áfrýjaði dómur staðfestur.

#### Dómsorð

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Sigurður G. Guðjónsson  
Hörður Felix Harðarson  
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson